

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins verður 20. mars 2023

Reykjavík, 10. mars 2023

Ágætu félagar!

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins verður haldinn mánudaginn 20. mars nk. í húsakynnum félagsins að Skógarhlíð 8 í Reykjavík, 4. hæð, og hefst kl. 20:00. Að loknum aðalfundarstörfum flytur Sveinn Magnússon læknir erindið „Saga tóbaksvarna á Íslandi“. Að venju verður boðið upp á kaffiveitingar.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn félagsins verið þannig skipuð: Formaður Árni Einarsson framkvæmdastjóri, varaformaður Ásgerður Sverrisdóttir krabbameinslæknir, gjaldkeri Jón L. Árnason framkvæmdastjóri, og meðstjórnendur Arnar Hauksson kvensjúkdómalæknir, Hafrún Dóra Júlíusdóttir fjármálastjóri, Magnús Gunnarsson framkvæmdastjóri og Þórunn Sævarsdóttir hjúkrunarfræðingur. Formaður hefur verið kjörinn til þriggja ára en aðrir stjórnarmenn eru kjörnir til tveggja ára í senn. Úr stjórn eiga að ganga að þessu sinni Arnar, Hafrún Dóra og Þórunn. Varamenn, kosnir til eins árs, eru Gestur Svavarsson upplýsingatækniráðgjafi, Vala Smáradóttir viðskipta- og verkefnastjóri, og Þorbjörg Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur. Þorbjörg hefur gegnt hlutverki ritara á starfsárinu.

Þeir sem vilja koma með tillögur um nöfn einstaklinga í stjórn eru beðnir að hafa samband við Guðlaugu B. Guðjónsdóttur framkvæmdastjóra á skrifstofu félagsins í síma 540 1900 eða senda póst á netfangið gbg@krabb.is og verða tillögurnar lagðar fram á aðalfundinum. Eftir aðalfund félagsins verður ársskýrsla sett inn á vefinn krabb.is/hofudborgarsvaedi.

Á aðalfundi í fyrra var eftirfarandi samþykkt einróma: „*Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins haldinn 14. mars óskar eftir samþykki fundarins um að stjórn félagsins fái heimild til að undirbúa skráningu félagsins sem félag til almannaheilla, þar með talið að undirbúa nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins og leggja þær fyrir aðalfund 2023.*“ Á aðalfundinum þann 20. mars nk. verður því lögð fram tillaga að lagabreytingu. Tillöguna má sjá á www.krabb.is/hofudborgarsvaedi/

Félagar eru hvattir til að gerast vinir Facebook-síðu Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins og fylgjast með hvaða umræða er í gangi. Ábendingar eru vel þagnar.

Við viljum einnig nota tækifærið enn og aftur og minna féлага á að ef þeir senda minningarkort Krabbameinsfélagsins þá geta þeir um leið styrkt Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins. Ef sent er gegnum netið, www.krabb.is og smellt á „minningarkort“, þá er valið „viðtakandi fjárgjafar“ og smellt á það félag sem þeir vilja styrkja. Ef minningarkort er sent í gegnum síma þá er hægt að tilgreina sérstaklega vilja til að styðja Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins.

Félagsmenn sem vilja framvegis fá sendar upplýsingar og fundarboð frá félaginu rafrænt eru beðnir að senda tilkynningu þess efnis á gbg@krabb.is.

Með bestu kveðjum,
f.h. stjórnar,



Árni Einarsson formaður